



Akureyrarkirkja var formlega vígð fyrir 70 árum:

Kirkjan hefur veigamiklu hlutverki að gegna

– segir séra Svavar Alfreð Jónsson sóknarprestur – hátíðarmessa á sunnudag

Um þessar mundir eru 70 ár liðin frá því að Akureyrarkirkja var vígð en formleg vígsla fór fram þann 17. nóvember árið 1940. Tímamótanna verður minnst með hátíðarguðsþjónustu næsta sunnudag, 14. nóvember, kl. 14.00. Þá predikar dr. Pétur Pétursson en faðir hans, séra Pétur Sigurgeirsson var lengi prestur í Akureyrarkirkju og afi hans, Sigurgeir Sigurðsson, vígði Akureyrarkirkju en hann var þá biskup Íslands.

Prestar kirkjunnar, séra Svavar Alfreð Jónsson og séra Hildur Eir Bolladóttir þjóna fyrir altari, ásamt séra Jóni A. Baldvinssyni vígslubiskupi Hólastiftis og Valgerði Valgarðsdóttur, djákna.

Svavar Alfreð sagði í samtali við Vikudag að dr. Pétur hefði fundið vígsluræðu afa síns og ætli m.a. að nota sama guðspjallið í sinni predikun á sunnudag. „Þann sama dag verður jafnframt fjóröflunardagur Kvenfélags Akureyrarkirkju, sem verið hefur einn helsti bakhjarl kirkjustarfsins. Kaffi- og lukkupakkasala verður í Safnaðarheimilinu eftir messu. Einnig hefur verið stofnaður barna- og æskulýðs- sjóður af þessu tilefni, með rausnarlegu stofnfjárframlagi, til minningar um séra Birgi Snæbjörnsson, sem var sóknarprestur í Akureyrarkirkju í áratugi. Birgir lét sér mjög annt um barna- og æskulýðsstarf í kirkjunni og er sjóðnum ætlað að efla það starf enn frekar,“ segir Svavar.

Einnig er starfræktur Líknarsjóðurinn Ljósberinn, sem stofnaður var til minningar um séra Höskuld Þórhalls- son, sem var sóknarprestur í Akureyrarkirkju í á annan áratug. Líknarsjóðnum er ætlað að aðstoða þá sem eiga í erfið-



Það eru margir sem koma að því umfangsmikla starfi sem fram fer í Akureyrarkirkju. Fremsta röð f.v. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, organisti, Stefán Arnaldsson, kirkjuvörður og Gyða Hrönn Sigþórsdóttir, kirkjuritari. Miðröð f.v. Elín Jóbanna Gunnarsdóttir, búsmóðir, sr. Svavar Alfreð Jónsson, sr. Hildur Eir Bolladóttir, Valgerður Valgarðsdóttir, djákni og Eypór Ingi Jónsson, organisti. Efsta röð f.v. Rafn Sveinsson, formaður sóknarnefndar, Sveinn Jónasson, kirkjuvörður, Guðrún Eggertsdóttir, sjúkabúsprestur og Sunna Dóra Möller, æskulýðsfulltrúi.

leikum. Svavar segir að alls hafi verið úthlutað hátt í tveimur milljónum króna úr þeim sjóði á þessu ári og m.a. var veittur styrkur í sumarbúðir einstæðra foreldra.

Svavar segir að það hafi mikið breyst á þessum 70 árum og umsvifin aukist jafnt og þétt í hlutfalli við fólksfjölgun í

þænum. „Tónlistarlífið hefur alltaf verið blómlegt en aldrei verið blómlegra en nú. Við kirkjuna starfa tveir barnakórar, stúlnakór, kammerkórar og kirkjukór. Þá er mjög löng hefð fyrir öflugum æskulýðsstarfi í kirkjunni. Séra Pétur Sigurgeirsson var mikill frumkvöðull á því sviði og það er leitun að

manni sem hefur áorkað meiru í þágu æsku þessa bæjar. Pétur stofnaði Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju á sínum tíma og það er elsta starfandi æskulýðsfélag landsins innan kirkjunnar.“

Miklir umbrotatímar

Svavar segir að nú búi um 10.000 manns sunnan Glerár, ekki séu þó allir í þjóðkirkjunni en hátt í 90% íbúa. Fjölgað hefur í sókninni á undanförunum og þá ekki síst með tilkomu Naustahverfis. Alls starfa átta manns í Akureyrarkirkju, þar af tveir prestar og tveir organistar. Aðspurður um stöðu kirkjunnar segir Svavar að hún sé spennandi, verkefnið mörg og aðkallandi. „Það hafa verið miklir umbrotatímar í þjóðfélaginu og kirkjan hefur þar veigamiklu hlutverki að gegna, bæði varðandi björgunaraðgerðir og eins við uppbygginguna. Kreppan bitnar fyrst og harðast á þeim sem veikastir voru fyrir og það hafa því margir leitað til okkar. Hið andlega ástand fólks er þó miklu betra en hægt sé að ímynda sér miðað við umræðuna í fjölmiðlum og á blogginu. Það breytir því þó ekki að fólk þolir misvel þessa miklu, hörðu og neikvæðu umræðu.“

Svavar segir að tekjur kirkjunnar hafi dregist mikið saman, við því hafi þurft að bregðast, en jafnframt hafi verið reynt að láta það ekki bitna á starfinu. „Allt æskulýðsstarf í kirkjunni er ókeypis og mikill fjöldi barna og ungmennta tekur þátt í því. Það kostar heimikið að halda þessari kirkju við, hún er tákni bæjarins og það kemur



Hundaeigendur Akureyri

Aukadagar verða í hundahreinsun árið 2010 á Akureyri föstudaginn 12. nóvember kl. 16.00 – 19.00 og laugardaginn 13. nóvember kl. 10.00 - 12.00, í Lagerhúsi Framkvæmdamiðstöðvar að Rangárvöllum.

Hafi hundurinn verið hreinsaður nýlega hjá dýralækni ber að framvísa vottorði þar um.

Athugið að ormahreinsun hunda er lögboðin skylda hvers hundaeiganda og því fylgir mikil ábyrgð gagnvart samborgurunum ef því er ekki sinnt.

Mætið vel með hunda ykkar og forðist þannig óþarfa málarekstur.

Dýraeftirlit Akureyrarbæjar.



ekki annað til greina en að hafa hana þannig að hún sé okkur til sóma. Þetta er líka ein vinsælasta athafnakirkja landsins og hér eru oft athafnir frá morgni til kvölds.“

Vinsæll viðkomustaður

Svavar segir að draga hafi þurft úr þjónustu við ferðafólk, sem sækir kirkjuna heim í tugþúsundatali á hverju sumri. „Það gleymist stundum að Akureyrarkirkja er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í bænum. Við viljum gjarnan taka vel á móti þeim, það skiptir máli, ekki bara fyrir kirkjuna, heldur miklu fleiri. Þegar skemmtiferðaskip koma til bæjarins, blasir kirkjan við og hingað kemur mikill fjöldi af skipunum og þegar rútur koma í bæinn er oft keyrt beint að kirkjunni. Það er ekki óalgengt að það séu tvær eða fleiri rútur hér á planinu yfir sumartímamann. Draumur okkar er að koma upp aðstöðu til að geta tekið betur á móti ferðafólki. Þar er m.a. horft til þess að halda áfram með safnaðarheimilið, þannig að það nái fram í kirkjustallana.“

Kirkjustarfið hefur breyst mikið og prestsstarfið hefur einnig tekið breytingum, að sögn Svavars. „Staða kirkjunnar hefur einnig verið að breytast. Kirkjan er mjög vel aðgreind frá ríkinu og algjörlega sjálfstætt trúfélag. Í þjóðkirkjunni eru yfir 80% þjóðarinnar og ríkið getur ekki látið eins og þetta trúfélag sé ekki til. Þegar talað er um aðskilnað er eins og ríkið megi ekki hafa nein samskipti við þjóðkirkjuna. Það er óraunhæft en hins vegar má alveg hugsa sér breytingar á samskiptum ríkis og kirkju. Við þurfum að haga okkar samfélagi þannig að það geti fleiri en kristnir búið hér og átt sem best líf. En við eigum samt ekki að afneita okkar menningu og sögu og það eru líka öfgar í hina áttina. Ég er hræddur um að mörgum þættu það snautleg jól ef ekki mætti minnst á Jesú, eða syngja



Rúðan frá Coventry á Englandi, sem þrýðir glugga Akureyrarkirkju.

Heims um ból. Það er yrði líka svolítið sérstakt ef ætti að fara banna jólaguðspjallið innan 16 ára.“

Samstarf við skólana gengið vel

Kirkjan hefur verið mikið til umræðu að undanförmu, m.a. í tengslum við aðkomu hennar að skólastarfi í Reykjavík. „Ég hef ekki heyrt skólafólk hér kvarta undir ágangi presta og umræðan virðist ganga svolítið út á að það sé bullandi trúboð í reykvískum skólum. Við erum stundum kvaddir til í skólana en það er sem betur fer sjaldgæft. Það er yfirleitt ekki leitað til okkar nema þegar áföll dynja yfir og við erum alltaf boðnir og búnir að sinna því. Við reynum svo sannarlega að sýna öllum nærgætni og það er aldrei meiri þörf á því en þegar áföll verða. Samstarfið við skólana, jafnt grunn- og framhaldsskóla, hefur gengið mjög vel og þegar við komum í skólana erum við þar á þeirra forsend-

um. Það sama á við þegar börn koma hingað á vegum skólans.“

Rúðan frá Coventry

Svavar segir að það sé mikill áhugi fyrir því að efla alþjóðleg tengsl kirkjunnar. „Við höfum á undanförmum árum verið í ungmennasamkiptum við vinasöfnuð okkar í Þýskalandi og í fyrria fengum við heimsókn frá Coventry á Englandi. Þar er mikill áhugi á samstarfi við okkur. Þessi tengsl eru til komin vegna Coventryrúðunnar í Akureyrarkirkju. Sagan rúðunnar er sú að þann 15. nóvember 1940, tveimur dögum áður en Akureyrarkirkja var vígð, var kirkjan í Coventry sprengd í loft upp, þá í mestu loftárásum sögunnar. Áður en það gerðist höfðu menn verið búnir að taka alla gluggana úr kirkjunni og koma þeim fyrir á sveitasetri. Kirkjan var aldrei endurbýggð, heldur byggð ný kirkja og rústirnar standa sem stríðsminnisverki.

Árið 1943 er íslenskur fornumunarsali, Helgi Zöega, á ferð í London og hann kaupir nokkrar rúður. Honum er sagt að þær séu úr enskri kirkju sem hafi verið sprengd í loft upp. Helgi kemur með rúðurnar heim og Jakob Frímannsson, sem þá var formaður sóknarnefndar Akureyrarkirkju, kaupir eina rúðu. Hún var sett í miðjuglugga kórsins hér og var eins konar altaris-tafla í ein 15 ár. Það var aldrei neitt leyndarmál hvaðan þessi rúða væri og árið 1959 voru settar myndir ofan og neðan við rúðuna. Í kjölfarið koma svo fleiri rúður í kirkjuna.“

Alls kyns sögur

Svavar segir að árið 1981 hafi Englend-ingarnir áttað sig á því að ein rúðan úr kirkjunni væri hér.

„Þeir undirbúa komu sína hingað með sendinefnd en alls ekki til þess að krefjast þess að fá rúðuna aftur. Þeim fannst það bara gaman að rúðan væri hér en það veit enginn hvernig rúðurnar bárust frá þessu sveitasetri og á markaðinn í London. Þá gerist það að Kenion Wright hættir störfum og heldur til Skotlands. Hann kom svo aftur til starfa í Coventry fyrir tveimur árum og tók þá upp þráðinn á ný, sendinefndin kom hingað í fyrria og þá með ósk um frekara samstarf.

Það hafa farið alls kyns sögur á kreik um að rúðunum hafi verið stolið og að Jakob Frímannsson hafi vitað af því. Það er ekki rétt og fulltrúar kirkjunnar í Coventry vilja að rúðan verði hér áfram og eru hinir ánægðustu með það. Í tilefni afmælisins ætlum við að vera með dagskrá í tali og tónum þar sem við segjum frá sögu rúðunnar og þessu starfi í Coventry. Sú dagskrá verður nánar kynnt síðar,“ segir Svavar.

Sem fyrr segir eru starfræktir tveir sjóðir innan Akureyrarkirkju, Líknarsjóðurinn Ljósberinn og nýstofnaður barna- og æskulýðssjóður. Áhugasamir geta styrkt þessa sjóði með fjárframlögum. Reikningsnúmer Ljósberans er 0302-13-701414. Reikningsnúmer barna- og æskulýðssjóðsins er 0302-13-701515. Kennitala Akureyrarkirkju er 410169-6149.



Nemendur í Hlíðarskóla réðust í það þúsulspil að skrifa þjóðsönginn á risaspjald með litlum kubbum. Þau gerðu einnig kubbamynd af Matthíasi, sem verður afhjúpuð í Ketilhúsinu í kvöld.

Minningarhátíð um Matthías

Í dag, fimmtudaginn 11. nóvember, eru 175 ár liðin frá því Matthías Jochumsson fæddist að Skógum í Þorskafríði.

Af því tilefni verður opið hús á Sigurhæðum á Akureyri frá kl. 15-17 í dag og hátíðardagskrá í minningu skáldsins í Ketilhúsinu í kvöld. Á Sigur-

hæðum verður afmælisstemmning líkt og í barnaafmæli, enda týndi Matthías aldrei barninu í sjálfum sér. Í Ketilhúsinu, þar sem dagskráin hefst kl. 20.30, flytja fjölmargir listamenn verk tengd Matthíasi. Kynnir og sögumaður verður Gísli Sigurgeirsson.



við elskum tónlist



Jóla-tónlistar-hlaðborð Græna hattins

- Fim. 11. nóv. ASA tríó
- Fös. 12. nóv. Dúndurfréttir
- Lau. 13. nóv. Bang Gang
- Mið. 17. nóv. Ómar Guðjónsson
- Fim. 18. nóv. Orri Harðason
- Fös. 19. nóv. Lögin hans Óða Vald.
- Lau. 20. nóv. S.H. Draumur
- Fim. 25. nóv. Johnny Cash tribute
- Fös. 26. nóv. Sigurður Guðmundsson og Memfismafían
- Fös. 3. des. Jólagrautur Memfismafiunnar, Baggalútur, Hjálmar og Memfismafían
- Lau. 4. des. Jólagrautur Memfismafiunnar, Baggalútur, Hjálmar og Memfismafían
- Fös. 10. des. Dikta
- Lau. 11. des. Dikta